

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS HF
The Icelandic Securities Depository Ltd.

Alþingi
Erindi nr. P 127/76
komudagur 9.11.2001

Verðbréfaskráning Íslands hf,
Tryggvagötu 11,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 8. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


EFNI:

Frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Verðbréfaskráning Íslands gerir engar athugasemdir við ofangreint frumvarp. Áður hefur verið haft samráð við Verðbréfaskráningu við undirbúning frumvarpsins, enda er það til komið vegna fyrirspurna til þess frá útgefendum bæði hér á landi og erlendis frá.

Verðbréfaskráning Íslands leggur hins vegar til að 15. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa verði breytt. Í 2. mgr. greinarinnar er ákvæði um samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabanka Íslands. Í lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa eru almenn ákvæði um þau skilyrði sem félög verða að uppfylla svo starfsemi geti hafist. Það er því ekkert því til fyrirstöðu, að öllum skilyrðum uppfylltum, að hér á landi séu starfandi tvær eða fleiri verðbréfamiðstöðvar og kauphallir. Því sé rétt í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 131/1997 að fjalla um kauphallir í fleirtölu líkt og verðbréfamiðstöðvar.

Virðingarfyllst,


Einar Baldvin Stefánsson, forstj. lögfr.sviðs